

Gunnar Örn hefur verið á þeytingi síðustu dagana. Þegar ég hitti hann fyrir austan fyrr í vikunni var hann að koma frá Finnlandi þar sem verið var að opna samsýningu tveggja listamanna frá hverju Norðurlandanna, sýningu sem Norrænu bændasamtökin standa að og nefnist Hvað gefur náttúran? Gunnar hafði rétt tíma til að koma heim, ganga frá verkum sínum og flytja þau til Reykjavíkur, þar sem hann opnar í dag á Kjarvalsstöðum sýningu á málverkum frá síðustu þremur árum.

Í vinnustofu Gunnars Arnar er margt að sjá. Málverk í rekkum, myndir á veggjum, skúlptúrar á stöplum. Gunnar kveikir upp í kamínunni og gefur kettinum Brandi að éta; sýnir mér síðan málverkin sem hann hyggst hengja upp á Kjarvalsstöðum. „Þessar myndir eru nánast allar tengdar einhverjum stöðum,” segir hann. „Sumar breytast þó geysimikið í vinnslunni, einhverju er vitaskuld fórnad og annað kemur í staðinn, en upphafið er alltaf tengt upplifunum á ákveðnum stöðum. Stundum skyssa ég fyrst úti og mála síðan út frá því, en ég er einnig farinn að mála á staðnum. Ég nota stóran bíl, sem ég á, sem stúdíó, og strekki striga á fleka af ýmsum stærðum. Þetta er alveg nýr flötur á tilverunni.”

— Og er það skemmtilegt?

„Það er alveg ólýsanleg tilfinning. Þessi mynd,” segir hann og dregur fram stórt málverk, „er til dæmis alveg máluð úti. Hún heitir Þokan liggur á fjallinu, ég er staddur ofan í gljúfri og horfi yfir. Þokan liggur þarna í eigin persónu, og þarna eru einnig lækjarsprætur. Úti þarf að vinna hratt, til að höndla augnablikid.”

Ég er í nokkra daga í þessum ferðum, gisti í bændagistingu, og er bara nýhættur þessu í haust.

Það er mikil dásemd að vera í þeirri aðstöðu að geta farið út um landið í leit að upplifunum, og haft það sem atvinnu. Það er alveg ólýsanlegt. Ég sit vissulega klovvega á íslenskri hefð í þessu, og leitast við að ná fram krafti, kynjaverum og slíku. En í þessa átt hef ég bara þróast og í augnablikinu er enginn

meiri sannleikur til fyrir mér, en að fara svona að.”

Er hluti af umhverfinu

— Þetta eru þá ekki hreinar landslagsmyndir?

„Nei, en kannski ekki í hefðbundnum skilningi því ég er fyrst og fremst trúur eigin hugmyndaafli, frekar en kennileitunum sem ég vinn þó út frá. Ég fórna öllu fyrir myndflötinn. Mála með lit og í formum. En ég verð vitaskuld aldrei

mig orðið meira sem hluta af umhverfinu, sem einn hlekk í keðjunni. Það verður einhver samruni og það hefur auðvitað tekið mörg ár að ná honum.”

— Hvað með litanotkunina, hefur hún ekki breyst?

„Ég hef alltaf haft þá trú að liturinn sé að hluta meðfæddur. Þó breytist maður með breyttum upplifunum, það er að koma meira af brúnum jarðtónum inn, en það gerist bara ósjálfrátt við að hafa þá

Mikill gljúfragaur

— Þessi litatónn í himninum minnir mig eitthvað á Kjarval.

„Það kann að vera, og það er ekkert undarlegt við það. Hver sá sem er að fást við íslenskt landslag í dag er fæddur inn í vissa myndhugsun sem Kjarval skóp. Sérðu hvernig ég fókusera upp landið, læt það fylla upp í flötinn? Þetta er kjarvölsk myndhugsun sem maður hefur hlotið í uppeldinu. Það er

allt öðrum formerkjum.”

— Það eru fossar í mörgun myndanna.

„Já, ég er mikill gljúfragaur. Þar er móbergsliturinn oft allsráðandi og mikið af hausum. Mótívið er alltaf missterkt og maður er miseftirgefanelgur fyrir hönd þess. Stundum er það jafnvel verra ef mótívið er of sterkt, þá vill maður halda sig of mikið við það. Annars lendir maður frekar í fantasíuveröld.”

— Er figúran enn nauðsynleg hjá þér, þrátt fyrir aukið vægi náttúrunnar?


„Já, það virðist vera, þó svo að hún sé varla finnanleg í sumum myndanna. Já, hún er til staðar. Það er einhver mannlegur þáttur sem mér finnst að mynd þurfi að hafa, eða tilvísun til manneskjunnar. Í þessum upplifunum í dag er eins og náttúran sé lifandi sem persóna. Sem móðir Jörð. Og það eru persónugervingar um allt í náttúrunni, ég tala ekki um þegar maður er búinn að þjálfa sig í að sjá þá. Þá eru þeir nánast alls staðar.”

— Ertu aldrei myrkfælinn ofan í þessum gljúfrum með hausana allt í kring?

„Stundum er náttúran það sterk og yfirgnæfandi að maður getur fengið hræðslutilfinningu, en það er bara til að takst á við, rétt eins og annað. Það gerir vinnuna ekki síður spennandi,” segir Gunnar Örn og brosir.

Nauðsynlegt að styrkja þjóðareinkennin

„Það er blessunarlega enn til töluvert af stöðum á Íslandi sem eru svo ómengaðir og hreinir að hvergi eru ummerki um mannaferðir, maðurinn hefur ekki skemmt þá. Engir sigarettustubbar, engin fótspor. Þetta eru stundum gifurlegar náttúruperlur, og mikil sæla að fá að upplifa þær. Og ef menn ætla að fara að leggja hraðbraut yfir hálendið, upplýsta hraðbraut til að spara tíma; því nú virðast allir hugsa eins og Amerikanar, að tími sé peningar, frekar en að meta það sem við nú höfum, þá veit maður að það verður ekki langt í kóla-skilti og hamborgarastaði, og þá er ágætt að vera bara kominn undir torfuna. Og ef maður er ekki hæfur til að skapa eitthvað út frá þessum perlum okkar ætti maður að fá sér aðra vinnu. Svo er verið



Gunnar Örn

Morgunblaðið/Einar Falur

fyrir jafn sterkum náttúruáhrifum hér á vinnustofunni, það er eitthvað svo magnað og sterkt að vera með sjálfum sér úti í náttúrunni og vinna þar.

Figúran, sem var í forgrunninum fyrir nokkrum árum, hefur færst inn í landslagið og þetta er um leið orðið einhvernvegin dýpra. Varla er hægt að greina lengur hvar mannum sleppir og hvar náttúran tekur við. Samhliða því upplifi ég

fyrir augunum.”

— Þegar þú varst að byrja að sýna fyrir einum tuttugu árum voru ýmskonar líkamsform í myndunum, einhverskonar sundurtættir líkamir. Ég þykist sjá nokkurn skyldleika við þær myndir í því sem þú ert að gera í dag.

„Já, það er augljóst að í dag er ég að nýta mér allt sem ég kann og hef verið að fást við á ferlinum. Það er orðinn viss samruni.”

staðreynd að það er svona sem við horfum á landið. En það má líka segja að við að fást svona mikið við að mála landslag sé það varla umflúið að Kjarval komi einhvers staðar inn sem viðmiðun. Hann er svo stór, en samt þarf maður ekki að vera neitt hræddur við hann. Í dag er komin viss fjarlægð á það sem frumherjarnir í málverkinu hér voru að gera, í dag eru menn annarra tíma, sem nálgast hlutina með

Katrín H. Ágústsdóttir sýnir í Hafnarborg

MIKILVÆGT AÐ SJÁ FEGURÐINA Í UMHVERFINU

Í dag verður opnuð sýning á olíumálverkum Katrínar H. Ágústsdóttur í Hafnarborg í Hafnarfirði. Katrín er fædd 11. ágúst árið 1939 og hefur m.a. numið við Myndlistar- og handiðaskóla Íslands, handavinnudeild Kennaraháskóla Íslands og Myndlistarskólann í Reykjavík. Katrín hefur haldið nokkrar einkasýningar auk þess sem hún hefur verið þátttakandi í samsýningum og má í því sambandi nefna Kirkjulistasýningu á Kjarvalsstöðum árið 1983 svo og Listahátíð í Reykjavík. Hún hefur haldið nokkrar kjólasýningar og tekið þátt í fatasýningum.

Á hugi minn á myndlist vaknaði mjög snemma, ég teiknaði mikið sem barn og er enn að. Ég hef alltaf haft gaman af myndlist og þá einkum frásögninni í myndlistinni.

Viðfangsefni þessarar sýningar eru áhrif landsins, líta og forma. Ég reyni að draga fram fegurðina en þó ekki með því móti að elta

hvern stein heldur meira með því að gefa dálítið í skyn. Mótívin hef ég sótt í nágrenni Reykjavíkur að mestu leyti en nokkrar myndir eru þó frá Þingvöllum, Heklusvæðinu og Skaftafellssvæðinu. Yfirleitt hef ég eitthvert mótív í huga en inn á milli mála ég landslagsfantasíur. Á þessari sýningu eru fjörutíu myndir og má segja að endanleg gerð þeirra

sé unnin á síðustu tveimur árum. Ég mála oft vatnslitamyndir eftir ríssi en vinn síðan olíumyndir upp úr vatnslitamyndum og stækka þá formin töluvert.

Þetta er fyrsta olíumyndasýning mín en ég hef áður sýnt vatnslitamyndir. Vatnslitirnir eru afskaplega skemmtilegur miðill en það er tími til kominn að breyta til. Það

hefur oft verið sagt að það sé erfiðast að vinna með vatnsliti en ég geri ráð fyrir því að mér hafi tekist að komast í gott samband við þá vegna reynslu minnar í batikinni. Vinna með batik er ekki ósvipuð meðhöndlun vatnslita þar sem byrjad er á ljósasta litnum og unnið upp í dekkri liti. Tæknin er þó mjög ólík.



Katrín H. Ágústsdóttir myndlistarmaður.